

Fimmtudaginn 5. júní 1997.

Nr. 82/1997.

**Ákærvaldið**(Björn Helgason saksóknari)  
gegn**X**

(Örn Clausen hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1997 af hálfu ákærvaldsins, sem krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og refsingar á hendur ákærða ásamt greiðslu þjáninga- og miskabóta.

Ákærði krefst staðfestingar á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu sér til handa.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

**I.**

Mál þetta er risið af samskiptum ákærða og stúlkunnar Y aðfaranótt 18. júní 1996, eftir að þau hittust fyrir tilviljun í miðbæ Reykjavíkur undir lok hátíðahalda þjóðhátíðardagsins. Var ákærði nýkominn þangað einn síns liðs á bifreið sinni, en stúlkan, 16 ára að aldri, hafði verið á útihátíðinni með vinkonu sinni, sem hún ætlaði að gista hjá um nóttina, og stöllu þeirra. Að sögn ákærða var stúlkan þá æst og undir áhrifum áfengis. Svo talaðist til milli þeirra, að ákærði æki henni í náttstað hennar í Grafarvogi ásamt vinkonum hennar, sem hættu við heimförina á leiðinni að bifreið ákærða, svo að stúlkan fór að lokum ein upp í bifreiðina með honum. Í stað þess að halda beint í Grafarvog fóru þau smáspöl um miðbæinn og þaðan að vinnustað ákærða í Skeifunni, þar sem hann kveðst hafa ætlað að ná í smágjöf handa stúlkunni, en hætt við það, þegar fólk var þar á ferli.

Frá Skeifunni ók ákærði upp í Fellahverfi í Breiðholti, á þær slóð-

ir, þar sem hann átti heima. Segir hann stúlkuna hafa ráðið þeirri för, þar sem hún hafi viljað sjá til unglunga, sem þar hefðu verið saman komnir. Jafnframt hafi hún gefið í skyn með látæði sínu, þegar þarna var komið, að hún hefði áhuga á samförum. Hafi hann þá ekið að húsi sínu og stöðvað bifreiðina fyrir utan það, en hætt við að bjóða stúlkunni inn af tillitssemi við sambýliskonu sína, sem var stödd erlendis. Í þess stað hafi hann ekið sem leið lá upp í Heiðmörk og stöðvað bifreiðina þar utan vegar. Hafi hann og stúlkann síðan átt samfarir í framsæti hennar, sem hann hafi hallað aftur í því skyni. Að þeim loknum hafi hann ekið í Grafarvog.

Frásögn stúlkunnar af þessum samskiptum er rakin að mestu í hinum áfrýjaða dómi. Hún kveðst ekki hafa óskað þess, að ekið yrði upp í Breiðholt, og ekki sýnt ákærða þá ástleitni, sem hann lýsir. Fyrir utan heimili ákærða hafi hann boðið sér inn, en hún afþakkað boðið. Hún hafi síðan andæft ferðinni upp í Heiðmörk og samfarir þeirra þar farið fram gegn vilja sínum að öllu leyti. Hafi ákærði byrjað mökin inni í bifreiðinni, en síðan haldið þeim áfram á jörðinni utan við bifreiðina nokkra stund.

Við það virðist mega miða, að ökuferðin í Heiðmörk hafi verið farin eftir klukkan fjögur um nóttina, og hafi stúlkann verið komin heim til vinkonu sinnar í Grafarvogi laust fyrir klukkan sex. Að sögn vinkonunnar var hún þá miður sín og skýrði þegar frá því, að ákærði hefði nauðgað sér. Kveðst vinkonan þá hafa hringt í trúnaðarsíma Rauða kross Íslands til að leita ráða um það, hvernig standa mætti að kæru vegna þessa, og þeim verið vísað á neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur. Er staðfest af hálfu Rauða krossins, að símtal þessa efnis hafi borist þá um morguninn. Þær vinstúlkurnar fóru síðan á neyðarmóttökuna um tólf stundum síðar, eftir vinnu þennan dag, og gekkst stúlkann þar undir skoðun og kærði atburðinn.

## II.

Í niðurstöðubætti hins áfrýjaða dóms er frásögn stúlkunnar af samskiptum hennar og ákærða virt þannig, að hún hafi verið staðföst í framburði sínum, framburður vitna styðji frásögn hennar um ofbeldi og ummerki á líkama hennar veiti staðhæfingu hennar nokkurn stuðning. Þá virðist dómurinn leggja til grundvallar, að

kærandi hafi haft slíkan ótta af ákærða, að hún hafi afklætt sig í bifreiðinni, þótt ákærði hafi ekki beygt vilja hennar með beinum hótunum. Sakarmat dómenda virðist vera á þann veg, að frásögnina skorti þann stuðning í öðrum gögnum málsins, sem við þurfi, til þess að fram sé komin nægileg sönnun um sekt ákærða, er ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Á hinn bóginn kemur ekki skýrlega fram í héraðsdómi, hvort framburður stúlkunnar er metinn trúverðugur. Þá skortir einnig á, að fram komi, hvort framburður ákærða, sem ekki nýtur sérstaks stuðnings í öðrum málgögnum, hafi verið metinn trúverðugur. Er þetta slíkur annmarki á dóminum, að ekki verður við unað.

Með hliðsjón af framansögðu og 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 þykir nauðsyn bera til þess, að sönnunarfærsla fari að nýju fram fyrir héraðsdómi, sbr. dóma Hæstaréttar 6. júní og 2. október 1996 í málum nr. 117/1996 og 266/1996. Verður ekki hjá því komist að fella hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð úr gildi að undanskildu ákvæði dómsins um sakarkostnað og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur um annað en sakarkostnað, og er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, X, 40.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar 1997.**

Ár 1997, mánudaginn 6. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Steingrími Gauti Kristjánssyni héraðsdómara sem dómsformanni og héraðsdómurunum Hirti O. Aðalsteinssyni og Auði Þorbergsdóttur sem samdómendum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 829/1996:

Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 16. desember sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. október sl., á hendur X, Reykjavík, fæddum 1970, fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt 18. júní 1996 í Heiðmörk með ofbeldi, fyrst inni í bifreið, neytt stúlkuna Y, fædda 1979, til að sjúga á sér getnaðarliminn og síðan hent stúlkunni út úr bifreiðinni og, þar sem hún lá á jörðinni, sett liminn aftur upp í stúlkuna og nuddað honum, þar til ákærða varð sáðlát, og að því loknu þröngvað stúlkunni til holdlegs samræðis.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Pórdís Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður fyrir hönd K, f. 1952, og M, f. 1949, vegna ólöggráða dóttur þeirra, Y, Reykjavík, gerir þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., og 2.976 kr. (?) í þjáningabætur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. júní 1996 til greiðsludags. Gerð er krafa um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 18. júní 1997. Einnig er þess krafist, að ákærða verði gert að greiða Y málskostnað og vexti af málskostnaði samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 og sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, að mati dómsins eða samkvæmt síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi.

#### *Málavextir.*

Hinn 18. júní sl. um kl. 18.45 kom Y, Reykjavík, í neyðarmóttöku vegna nauðgunar og gekkst undir skoðun. Kl. 22.40 kom hún á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins þeirra erinda að kæra nauðgun, sem hún hefði orðið fyrir aðfaranótt þess dags. Rannsókn lögreglu beindist að ákærða, og 4. júlí sl. kannaðist hann við samfarir við stúlkuna umrætt sinn.

Kæranda og ákærða ber saman um, að þau hafi hist í Austurstræti umrædda nótt og kærandi þegið far með ákærða heim til vinkonu sinnar í Grafarvogi. Ákærði ók um miðbæinn, inn í Skeifu og upp í Breiðholt og þaðan upp í Heiðmörk, þar sem samfarir þeirra urðu, og loks í náttstað kæranda í Grafarvogi, þar sem þau skildu að skiptum. Kærandi kveður samfarirnar hafa verið að óvilja sínum, en ákærði kveður kæranda hafa átt frumkvæði að kynmökum þeirra. Þau eru sammála um að hafa átt kynmök í bílnum, að kærandi hafi afklætt sig sjálf og að ákærði hafi hringt í kæranda, eftir að kærán var komin fram, og þau rætt um atvikið, en ekki orðið sammála. Af gögnum málsins verður ráðið, að þau hafi verið í Heiðmörk milli kl. fjögur og sex um nóttina.

#### *Sönnunarfærsla.*

Lagðar hafa verið fram m. a. lögregluskýrslur, skýrsla neyðarmóttöku, læknisvottorð, álitserðir Gunnlaugs Geirssonar, prófessors í réttarlæknis-

fræði, og álitserð sálfræðings. Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dóminum og dómurinn hlýtt á vætti vitna.

Ákærði kveðst saklaus af því, sem honum er gefið að sök. Hann segir, að stúlkan hafi verið æst og drukkin, þegar hann hitti hana, og þegar þau voru á leið um Vesturberg áleiðis í Grafarvog, hafi hún tekið út á sér liminn og stungið honum upp í sig. Þá kveðst hann hafa breytt um stefnu, farið með hana að Vesturbergi . . . og stöðvað bílinn þar, en ekið síðan upp í Heiðmörk, þar sem hann hjálpaði stúlkunni að fara úr skónum, lagði stólbak farþegasætis að framan niður, hafði samfarir við hana og felldi til hennar sæði. Að mökum loknum kveður hann stúlkuna hafa sett liminn upp í sig aftur. Ákærði segist hafa orðið ófrjór vegna sjúkdóms, en kveður framleiðslu sæðisvökva eðlilega hjá sér. Skýrsla ákærða er í öllu verulegu samhljóða skýrslu hans fyrir lögreglu, sem hann hefur staðfest. Í lögregluskýrslunni er haft eftir honum, að stúlkan hafi verið að sjúga á honum getnaðarliminn öðru hverju á leiðinni.

Kærandi kveðst hafa ákveðið að fara í bíl ákærða með tveimur stöllum sínum, en segir þær hafa hætt við það, þegar til átti að taka. Hún hafi viljað, að þær kæmu með, og verið svolítið hrædd við ákærða. Hann hafi ekið heim til sín og boðið sér inn, en hún ekki þegið það og beðið hann að aka sér að náttstað sínum í Grafarvogi. Þess í stað ók hann upp í Heiðmörk, stöðvaði bílinn og reyndi að kyssa kæranda, sem ýtti honum frá sér. Hún kveður hann hafa haldið sér og skipað sér að klæða sig úr. Hún þorði ekki annað, skildi á honum, að hann myndi meiða sig, ef hún léti ekki að vilja sínum. Aðspurð sagði hún hann hafa hótað sér í orðum, en hún kvaðst ekki muna, hvað hann sagði. Hún kveðst hafa klætt sig úr, þar á meðal úr skónum, og segir hann hafa lagt aftur sætið, klætt sig úr, sest ofan á sig og stungið limnum upp í sig, fleygt sér síðan út úr bínum og haldið uppteknum hætti, þar sem hún lá á jörðinni, þar til hann felldi sæði í munn henni, en haft síðan venjulegar samfarir við sig, þar sem hún lá. Hún kveður ákærða hafa rífið í hárið á sér, þegar hann var að setja liminn í munn henni. Þegar þessu var lokið, kveðst hún hafa klætt sig. Hún segist lítið hafa talað við ákærða fyrst á eftir, þar sem hún hafi verið í „sjokki“ og hrædd við hann, en á leiðinni kveðst hún hafa reynt að veiða upp úr honum upplýsingar um hagi hans, þar sem hún hafi verið ráðin í að kæra. Stúlkan, sem kærandi gisti hjá um nóttina, var önnur þeirra, sem með henni var, þegar hún hitti ákærða, og var hún komin heim, þegar kærandi kom inn grátandi, vakti hana og sagði henni, að ákærði hefði nauðgað sér.

Þessi stúlka hefur borið vitni og segir, að kærandi hafi verið með tårin í augunum, þegar hún kom til sín, og að hún hafi sagt sér, að ákærði hefði

nauðgað sér. Sagan, sem hún hefur eftir kæranda, er í flestu samhljóða sögu kæranda. Hún segir, að kærandi hafi sagt sér, að ákærði hafi hvað eftir annað sagst ætla að snúa við á leiðinni upp í Heiðmörk, og þegar hann hafi beygt inn á afleggjarann, sem liggur þangað, hafi hann enn gefið í skyn, að hann ætlaði að snúa við þar. Þá hefur hún eftir kæranda, að ákærði hafi hótað að drepa hana, ef hún segði frá. Hún kveður kæranda hafa komið til vinnu, en farið heim og verið þar, þangað til vitnið var laust úr vinnu og gat farið með henni á Borgarspítalann.

Kærandi segir, að þær hafi fengið þær upplýsingar hjá Rauða krossinum, að best væri, að hún kæmi sem fyrst. Hún hafi reynt að ná sambandi við verkstjóra sinn til að fá leyfi, en ekki tekist að ná í hann; þess vegna hafi hún farið til vinnu og beðið með að fara í neyðarmóttöku.

Skýrsla kæranda fyrir lögreglu, sem hún hefur staðfest, er að mestu í samræmi við skýrslu hennar fyrir dómi. Þó er haft eftir henni í lögregluskýrslunni, að ákærði hafi skipað henni að klæða sig úr. Hún hafi losað um fötin, en hann tekið hana úr fötunum. Ekki kemur fram, að ákærði hafi haft í hótunum við kæranda, en skráð er eftir kæranda, að hún telji, að áverkar, sem hún var með á handleggjum, væru eftir hendur ákærða, sem hafi haldið handleggjum hennar bæði niður með síðum og upp með höfðinu.

Skýrsla, sem skráð var eftir kæranda í neyðarmóttöku, er mjög í samræmi við þær skýrslur, sem hún hefur gefið lögreglu og fyrir dómnum. Þar kemur fram, að um fyrstu samfarir hennar hafi verið að ræða. Í áverkalýsingu er lýst húðroða, hita og eymslum í húð, sem samrýmist því, að gripið hafi verið um upphandleggi stúlkunnar. Í klofi stúlkunnar fannst mar eftir þrýsting. Í álitserð læknis, sem skoðaði kæranda, kemur fram, að hún hafi verið mjög „lítil í sér“ og grátið mikið, en sagt lítið að fyrra bragði. Álit læknisins er, að saga og skoðun samrýmist vel. Læknirinn hefur borið vitni og segir, að ákomur á handleggjum samrýmist því, að þéttingsfast hafi verið tekið um þá. Hún kveðst engar sæðisfrumur hafa fundið í sýnum, sem voru tekin úr kynfærum stúlkunnar, né storkubletti á læri hennar. Hún kveður kæranda hafa legið í hnipri og skolfið og lýst óraunveruleikakennd. Læknirinn segir, að kæranda hafi greinilega verið mjög brugðið og öll framkoma hennar bent til, að hún hefði orðið fyrir þungbærri reynslu. Kærandi fékk vottorð um óvinnufærni til 21. júní sl.

Kærandi kom til sálfræðings 7. ágúst sl. ásamt móður sinni. Hún eyddi öllu tali um nauðgun og virtist ekki tilbúin til að skoða tilfinningar, sem hún hafði vakið hjá henni. Sálfræðingurinn telur ljóst, að kærandi hafi ekki náð að vinna úr afleiðingum atburðarins.

Við réttarlæknisfræðilega rannsókn fundust engar sæðisfrumur, en gras-trá, sem greiðst hafði úr kynhárnum kæranda.

*Niðurstöður.*

Ákærði hefur þverneitað sakargiftum frá upphafi. Engum gögnum er til að dreifa, sem veiti beina sönnun um málsatvik, nema frásögnum kæranda og ákærða, en þar stendur staðhæfing gegn staðhæfingu. Verður því að leysa úr málinu eftir líkum. Kærandi hefur verið staðföst í framburði sínum, og framburður vitna, sem kærandi talaði við eftir atburðinn, styður framburð hennar um ofbeldi. Ummerki á líkama hennar veita og staðhæfingu hennar nokkurn stuðning. Stráíð, sem fannst á líkama hennar, styrkir frásögn hennar um, að hún hafi legið á jörðinni. Hins vegar kemur ekkert fram um merki þess á líkama hennar, að henni hafi verið fleygt á nakta jörðina og þar verið höfð við hana kynmök, eins og hún lýsir, og ekki verður lagt til grundvallar, að ákærði hafi beygt vilja kæranda með beinum hótunum, heldur, að hún hafi sjálf afklætt sig, að eigin sögn af ótta við, að ákærði meiddi sig annars. Áverkar hennar voru óverulegir.

Þegar allt framangreint er virt, þykir varhugavert að slá því föstu gegn eindreginni neitun ákærða, að sannað sé, að ákærði hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru. Ber því að sýkna hann af því og þar með af broti á 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Með þessari niðurstöðu verður bótakröfu kæranda vísað frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Þar sem ákærði er sýknaður, ber að dæma, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 80.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.

Björn Helgason saksóknari flutti málið af ákæruvaldsins hálfu.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Skaðabótakröfu K og M vegna ólögráða dóttur þeirra, Y, er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 80.000 krónur í málsvarnarlaun og réttargæslulaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.